

Alþingi - Nefndasvið  
Atvinnuveganefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2015  
Tilvísun: 2015010122/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Viðbótarumsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þingskjal 273 - 244. mál**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar þannig að: *Alþingi álykti að eftirfarandi breyting verði á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, þannig að liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færist í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).* Jafnframt var óskað eftir umsögn um breytingartillögu við umrædda þingsályktunartillögu varðandi fleiri virkjunarkosti, og náði áður innsend umsögn Orkustofnunar ekki til hennar að öllu leyti.

Í umsögn Orkustofnunar, dags. 10. febrúar sl. var fjallað um Hvammsvirkjun. Þar kom einnig fram sama afstaða stofnunarinnar varðandi virkjunarkosti á Suðurlandi, Þjórsá, 31 Urriðafossvirkjun, og Þjórsá, 30 Holtavirkjun. Orkustofnun gerir, í ljósi þess, ekki viðbótarathugasemdir við fram komna breytingartillögu við umræddri þingsályktunartillögu varðandi þessa virkjunarkosti.

Þar sem ekki kom fram afstaða stofnunarinnar til virkjunarkostana Kaldakvísl, 26 Skrokkölduvirkjun og Farið við Hagavatn, 39 Hagavatnsvirkjun, vill Orkustofnun taka fram að breytingartillagan er í samræmi við faglegar niðurstöður verkefnisstjórnarinnar og upphaflega þingsályktunartillögu ásamt þeim umsögnum sem fram komu við þá tillögu í umsagnarferlinu. Þessum virkjunarkostum í vatnsaflí á Suðurlandi var þar annars vegar raðað í orkunýtingarflokk, Skrokkölduvirkjun og hins vegar í biðflokk, Hagavatnsvirkjun.

Þessir kostir voru báðir settir í biðflokk í meðförum Alþingis, árið 2013.

Varðandi Skrokkölduvirkjun, og það að flytja virkjunarkostinn í nýtingarflokk úr biðflokki, gilda sömu rök og gilda um flutning virkjananna þriggja í Neðri-Þjórsá, að mati Orkustofnunar, m.a. um faglegar niðurstöður verkefnastjórnarinnar og um sjálfbæra uppbyggingu raforkuframleiðslunnar, þar sem þrýstingur á hraðari nýtingu jarðvarmans mundi aukast án þessara vatnsaflsvirkjunarkosta.

Varðandi Hagavatnsvirkjun bendir Orkustofnun á, að í umsagnarferli um þingsályktunartillöguna um rammaáætlun, sem samþykkt var 14. janúar 2013, komu fram veigamikil rök til stuðnings því sjónarmiði að Hagavatnsvirkjun, og meðfylgjandi stækkun Hagavatns út yfir fyrri vatnsbotn og þar með í átt til þess horfs sem þar ríkti fyrir hlaupið úr vatninu árið 1939, myndi hafa veruleg jákvæð áhrif á sandfok á því stóra uppblástursvæði sem þar er í grennd. Einnig hefur komið fram sú ætlun virkjunaraðilans að minnka virkjunina frá því sem hún getur orðið stærst, og þar með að minnka vatnsborðssveiflur í Hagavatni á viðkæmum tímabilum hvað varðar sandfok og uppblástur. Engin veigamikil neikvæð rök komu fram í umsagnarferlinu um Hagavatnsvirkjun, að dómi Orkustofnunar. Í ljósi þessa telur Orkustofnun það geta orðið til góðs að færa Hagavatnsvirkjun sem fyrst úr biðflokki í nýtingarflokk.



## Um frávísunartillögu minni hluta atvinnuveganefndar

Varðandi frávísunartillögu minni hluta atvinnuveganefndar, sem einnig var óskað umsagnar um, vill Orkustofnun taka fram að breytingartillaga meirihlutans er í samræmi við faglegar niðurstöður verkefnisstjórnarinnar, að teknu tilliti til þeirra umsagna sem fram komu við þá tillögu í umsagnarferlinu. Þá umræðu er óþarfi að endurtaka, þar sem hún liggur fyrir. Orkustofnun bendir á að tillaga minnihlutans, að vísa málinu til umhverfis- og auðlindaráðherra, sem síðan feli verkefnastjórn að fjalla um þá kosti sem tillaga meirihlutans felur í sér, sbr. 2. mál. 3. mgr. 9. gr. laga um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 48/2011, útilokar ekki, að mati Orkustofnunar, að Alþingi meti á sjálfstæðan hátt tillögu ráðherra, sbr. 5. mgr. 10. gr. laganna, sem Alþingi fékk til umfjöllunar árið 2013. Orkustofnun bendir á að löggin gera ráð fyrir því að, *eigi sjaldnar* en á fjögurra ára fresti samþykki Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Umrædd tillaga meiri hluta nefndarinnar tekur mið af vinnu vegna 2. áfanga rammaáætlunar, óháð því hvaða virkjunarkostir koma til skoðunar vegna vinnu verkefnastjórnarinnar við 3. áfanga rammaáætlunar, sem nú er í vinnslu. Þar koma allir þessir kostir til skoðunar sbr. 2. gr. 9. gr. laganna.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra



Kristinn Einarsson